



Alþingi
Erindi nr. Þ 135/597
komudagur 30.11.2007

Nefndasvið Alþingis
Margrét María Guðjónsdóttir, nefndarritari
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 29. nóvember 2007
Tilvísun: HI07110037/004

Háskóla Íslands hefur borist til umsagnar þingsályktunartillaga um að efla kennslu í heilbrigðisvísindum í Háskólanum á Akureyri, 117. mál, 135. löggjafarþing 2007-2008.

Leitað var sjónarmiða heilbrigðisvísindadeilda Háskólans. Með fylgir sérstök umsögn frá hjúkrunarfræðideild.

Í greinargerð með tillögunni kemur fram að skortur á hjúkrunarfræðingum sé mikill og að um 800 hjúkrunarfræðinga vanti á landinu öllu svo að þörfum heilbrigðiskerfisins sé fullnægt. Margt bendir til að nægilega margir menntaðir hjúkrunarfræðingar séu nú þegar til staðar sem geti fullnægt eftirspurn að miklu leyti kæmu þeir til starfa. Lausn á þeim vanda sem staðið er frammi fyrir virðist því ekki einungis liggja í að mennta fleiri hjúkrunarfræðinga heldur þurfi að bæta vinnuástand þeirra og laun. Nær er að nota fé til að bæta kjör og auka gæði þeirrar menntunar sem fyrir er og styðja þá fjölgun nema sem er nú þegar fyrirhuguð.

Einnig er mikilvægt að auka verulega samstarf þeirra aðila sem sjá um menntun hjúkrunarfræðinga, þ.e. HÍ og HA ásamt LSH og SA. Auðvelda þarf nemendaskipti og að nýta vel námspláss og kennslukrafta á kennslusjúkrahúsunum ásamt öðrum sjúkrahúsum út um land.

Mikilvægt er að fyrir hendi séu aðstæður og kennslukraftar áður en lagt er út í mikinn kostnað við að koma upp sams konar námi í heilbrigðisgreinum á fleiri en einum stað. Þar liggur lausnin frekar í meiri samvinnu milli staða. Ákveðnir staðir geta tekið að sér tiltekna þætti í náminu frekar en að sett verði upp tvöfalt kerfi. Þetta á við um grunnám og enn frekar um framhaldsnám.

Tekið er undir það sjónarmið að verja þurfi auknu fé í menntun heilbrigðisstétta, en skoða verður vandlega hvort ekki sé skynsamlegra að nýta fjármunina í aukið samstarf þeirra sem nú þegar sjá um þessa menntun fremur en að byggja upp sömu menntun á mörgum stöðum.

Virðingarfyllt
f.h. háskólarektors

Þórður Kristinsson
sviðsstjóri kennslusviðs

Þórður Kristinsson
Sviðsstjóri kennsluviðs
Háskóli Íslands

Reykjavík 21. nóvember 2007

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um að efla kennslu í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri.

Í greinargerð með tillögu til þingsályktunar um að efla kennslu í heilbrigðisvísindum við Háskólann á Akureyri koma fram lýðfræðilegar breytingar á samsetningu þjóðarinnar og þau verkefni sem blasa við hjúkrunarfræðingum í ljósi þeirra breytinga. Jafnframt er fjallað um þann skort sem þegar er til staðar á hjúkrunarfræðingum í landinu. Leita þarf markvissra leiða til að bæta úr þeim vanda sem við blasir nú og í náinni framtíð og er menntun hjúkrunarfræðinga mikilvægt skref í því samhengi en tryggja þarf nægjanlegt fjármagn til þeirrar kennslu.

Hvað varðar umfjöllun um framhaldsnám í heilbrigðisvísindum þá er óljóst hvað átt er við með “dreifbýlislækningum og hjúkrun”. Gagnlegt væri að útskýra þetta betur.

Fram kemur að lagt verði mat á hvort skuli hefja kennslu í fleiri námsgreinum í heilbrigðisvísindum en í hjúkrunarfræði og iðjuþjálfun. Í því sambandi er minnst á mikilvægi þess að byggja stóran hluta námsins á sameiginlegum grunni. Samkennsla varðandi grunngreinar getur verið mjög gagnleg en huga þarf vel að því að grunngreinar rýri ekki hlut fræðigreinarinnar hjúkrunarfræði.

Í greinargerðinni er iðulega notað hugtakið „hjúkrun“ þegar væri betur við hæfi að nota hugakið hjúkrunarfræði.

Virðingarfyllst,

Sóley S. Bender, deildarforseti
Hjúkrunarfræðideild
Eirberg
Eirfkgötu 34
101 Reykjavík
Vs 525 4980
ssb@hi.is